



Foreldrafélag- Lundaból

Efni: Fundargerð

Dags.: 10.10.18

Viðstaddir: Björg Helga Geirsdóttir, Raket Svansdóttir (formaður), Stefanía Ósk Ágústsdóttir, Pétur Örn Svansson (ritari)

Málefni fundar:

Fjármál foreldrafélags

- Yfirlit yfir reikning foreldrafélags skoðað og ljóst að foreldrafélagið stendur vel. Við eigum eftir að borga ýmislegt en á móti eigum við eftir að fá greitt inn á reikninginn frá Garðabæ.
- Kostnaður framundan er útlistaður. Hann felur í sér dansnámskeið, sveitaferð, jólasveina, jólagjöf og leikrit á jólum (Pönnukakan hennar Grýlu).

Val á ritara foreldrafélags

- Pétur er útnefndur ritari foreldrafélagsins með þremur atkvæðum. Raket Svansdóttir sat hjá.

Jólagjöf

- Ákveðið að gefa krökkunum á Lundabóli vasaljós í jólagjöf. Stefanía tekur að sér að kanna það.

Sveitaferð

- Sveitaferð verður miðvikudaginn 8.maí kl. 9 til rúmlega 13. Björg er búin að panta sveitina. Eftir stendur að athuga með rútuferðir. Raket ætlar að kanna hvaða möguleikar eru í stöðunni.

Jólasveinar

- Jólabball verður föstudaginn 14.desember kl. 9-11. Ákveðið að hafa samband við Steina hjá Leikhópnum Lottu til að leika jólasvein. Raket hefur gott lag á jólasveinum og tekur að sér að hafa samband við hann.

Aðventukaffi

- Aðventukaffi verður haldið 6. desember kl. 15 til 16:30. Gott væri ef meðlimir foreldrafélagsins gætu mætt fyrir og aðstoðað við að setja upp. Stefanía er mikill sælkeri og ætlar að kanna hvar best er að nálgast piparkökur.

Næsti fundur foreldrafélagsins er 14. nóvember kl. 16:00.

Verkefni fundar:

Vasaljós- Stefanía

Rútur fyrir sveitaferð- Rakel

Jólasveinn- Rakel

Piparkökur- Stefanía